

STJÓRNARTÍÐINDI B 6 – 2005

12. janúar 2005

9

Nr. 11

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi verksmiðjúsæðis á Gleráreyrum, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 14. desember 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi verksmiðjúsæðis á Gleráreyrum. Breytingin felst í því að við bætist byggingarreitur fyrir tengibyggingu milli eignarhluta 1H og 1I á lóðinni Dalsbraut 1. Bæjarstjórn hefur lýst því yfir að hún muni bæta það tjón sem breytingin kunni að valda einstökum aðilum.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 12. janúar 2005.

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

13. janúar 2005

Nr. 12

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Gufuneskirkjugarður.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 22. júní 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Gufuneskirkjugarð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skógarhlíð 18.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 8. desember 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skógarhlíð 18.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 13. janúar 2005.

Helga Bragadóttir.